

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn


Leyfi/veikindi

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008.

Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sæki skóla. Foreldrar verða að tilkynna veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi fyrir þau gerist þörf. Fari skólasókn nemenda **niður fyrir 80 %** á hverjum tíma skal umsjónarkennari gera foreldrum viðvart og ef skólasókn tekur engum breytingum eftir það fer ákveðið ferli í gang (sjá þrep fyrir neðan).

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Á milli þrepa líða í mesta lagi 2 – 3

vikur.



Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Fjarvistir

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008.

Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sæki skóla. Foreldrar verða að tilkynna veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi fyrir þau gerist þess þörf. Ef nemandi mætir 20 mínútum of seint telst hann hafa verið fjarverandi í viðkomandi tíma.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Á milli þrepa líða í mesta lagi 2 – 3

vikur.

10 fjarvistarstig

Þá mun umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn og ræðir skólasókn.

30 fjarvistarstig

Þá skrifar umsjónarkennari formlegt bréf til foreldra/forráðamanna og vekur athygli á vandamálinu og hvetur til úrbóta.

45 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra til viðtals í skólanum með sér og deildarstjóra.

Duga þessi úrræði ekki mun skólastjórn taka við málinu til frekari meðferðar.